

Sköglá

Helreið Nýráðs til Jötunheima

Höfundur:

Þorgrímur Kári Snævarr

I

Í þá tíð er fylkiskonungar réðu yfir Svíþjóð var bóndi einn í Næríki nefndur Boddi Karlsson. Boddi sá lifði svo náðugu lífi með fjölskyldu sinni að hvers kyns frávik frá hversdagsleikanum áttu til að koma honum úr jafnvægi. Eitt slíkt frávik varð kvöld nokkurt þegar Boddi var á leið heim úr veislu hjá nágretta sínum og stytta sér leið yfir móann, en þar mætti hann tveimur undarlegum ferðalöngum: Afar lágvöxnum og skeggjuðum öldungi sem gat ekki annað verið en dvergur og ungrí stúlku sem rogaðist með stóran strigapoka.

„Góða kvöldið, drengur minn,“ sagði dvergurinn. „Getur þú sagt okkur hvort við erum á réttri leið til borgar Níðaðar Njárakonungs?“

Boddi var of upptekinn við að stara á myglusveppina á enni dvergsins til að taka eftir spurningunni. „Hmm? Hvað?“ umlaði hann.

„Níðuður konungur,“ endurtók dvergurinn hægt og skýrt og hafði greinilega tekið eftir því að Boddi var ekki alveg allsgáður. „Er þetta rétt leið að borginni hans?“

„Öh ... já,“ sagði Boddi, enn með hugann við myglusveppina. Hann virti skötuþjúin betur fyrir sér: Hár dvergsins var grátt og mjög skítugt og hann hafði bundið nokkra hnúta á skegg sitt til að forðast að hrasa um það. Augu hans, næstum ósýnileg á bak við úfnar augabrúnirnar, voru skærgræn en augnhvítan dökkgul. Dvergurinn var klæddur grárri skikkju og lörfum sem virtust hanga saman á bótunum einum. Hann studdist við kræklóttan göngustaf, of stuttan til að koma öðrum en dvergum að gagni.

Stúlkan var fremur ólík ferðafélaga sínum um flest: Til dæmis bar hún þess merki að hafa baðað sig öðru hverju síðasta áratuginn og fót hennar voru mun heillegri. Hún var á að giska þrettán

eða fjórtán ára en var engu að síður tveimur höfðum hærri en dvergurinn. Ljóst hár hennar var bundið í snyrtilega fléttu en dökkgrá augu hennar stórðu á Bodda.

„Er langt þangað, drengur?“ spurði dvergurinn og reif Bodda úr þönkum sínum.

„Ég ...“ byrjaði Boddi og ætlaði að benda dvergunum á að hann væri fjórutíu ára en svo hvarflaði að honum að svona skeggjaður og hrukkóttur ætti dvergurinn líkast til rétt á að kalla hvern sem hann vildi „dreng“. Hann hélt því áfram: „... hef aldrei komið þangað. Flestir eru svona ... einn, tvo daga á leiðinni.“

„Þakka þér fyrir,“ sagði dvergurinn og virtist ekki sérlega ánægður með svarið. Dvergurinn og stúlkan héldu ferð sinni áfram en það er að segja frá Bodda að hann kom heim á bæinn sinn, sofnaði um leið og hann lagðist í rekkju og vaknaði daginn eftir með hræðilegan höfuðverk. Hann hafði þó ekki yfir miklu að kvarta – hann átti nægt búfé til að framfleyta sér, sæmilega vinnumenn, viðunandi eiginkonu og nóg af misefnilegum börnum sem myndu annast hann í ellinni þegar þar að kæmi. Þau héldu sig út af fyrir sig og höfðu vit á að forðast hernaðarbrölt fylkiskonunganna. Minningin um dverginn í móanum hvarf skjótt í amstri hversdagslífsins en þegar fram liðu stundir átti Boddi þó eftir að segja æ ýktari dvergasögur þegar hann var kominn vel við skál, allt þar til hann andaðist kominn hátt á sjötugsaldur.

En víkjum nú sögunni að dvergunum og stúlkunni. Dvergurinn hét Nýráður en stúlkan var svo óheppin að heita Skögul.

„Við æjum hér í nótt,“ sagði Nýráður og benti Skögul á skógarlaut í grenndinni. Hún kinkaði kolla, dauðfegin því að fá að leggja verkfærapoka fósturföður síns niður. Þegar þau höfðu lagt af stað frá Svarinshaugi tveimur vikum fyrr hafði Nýráður sjálfur burðast með pokann og neitað að leyfa Skögul að hjálpa sér. Eftir þrjá daga á ferðinni hafði hann fallist á það með semingi að hún fengi að halda á honum annan hvern dag. Brátt hafði „annar hver

dagur“ orðið að tveimur af hverjum þremur, svo þremur af hverjum fjórum og að lokum hélt hún á pokanum allan tímann. Skögul var dauðleið á því að rogast með pokann en Nýráður hafði sérstakt lag á að segja eitthvað í líkingu við „Mikið er ég heppinn að eiga svona hjálpsama dóttur!“ í hvert sinn sem hún ætlaði að skila honum.

„Við verðum að vakna fyrr en venjulega á morgun,“ sagði Nýráður á meðan hann reyndi að kveikja eld. „Konungar eru sjaldnast vanir því að bíða.“

Nýráður var göldróttur eins og margir dvergar en kunni fátt sem kom að gagni í hversdagslífinu annað en að kveikja eld. Sumir dvergar kunnu að breyta sér í fugl eða fisk og gátu þannig ferðast á milli heimshorna á nokkrum dögum en Nýráður hafði aldrei komist upp á lag með það. Reyndar hafði faðir hans eitt sinn breytt honum í lax í von um að vekja dulda hamhleypuhæfileika hjá honum en það hafði haft þveröfug áhrif – Nýráður þoldi ekki að anda í gegnum tálkn og hafði andstyggð á slepjulegum líkama fisksins. Þegar honum tókst loks eftir tvo daga að breyta sér aftur í dverg hafði hann svarið að hleypa aldrei hömum það sem eftir væri. Skögul grunaði að þetta atvik ætti þátt í óbeit Nýráðs á því að baða sig, þótt Nýráður vísaði því á bug.

„Treystir þú Níðuði konungi?“ spurði Skögul varfærnislega.

Nýráður hætti að reyna að kveikja eld og leit hissa upp. „Auðvitað ekki,“ sagði hann með vanþóknun. „Ég hitti hann einu sinni þegar ég smíðaði vopn fyrir föður hans. Hann var gráðugur hrotti í þá daga og ég efast um að hann hafi skánað eitthvað.“

„Hvers vegna viltu þá stunda viðskipti við hann?“ Hún hafði viljað spyrja þessarar spurningar frá því að þau héldu af stað en ekki komið henni frá sér. Skögul hafði heyrt ýmsa ískyggilega orðróma um konunginn í Næríki en ef Nýráður hafði heyrt eitthvað svipað lét hann það ekki á sig fá – þegar honum hafði borist tilboð um að smíða sverð handa Níðuði hafði hann strax stokkið á fætur og lokað sig inni í smíðju sinni. Svo hafði hann hafist handa við að

smíða beittasta sverð sem hann hafði gert á lífsleiðinni þrátt fyrir að vera löngu sestur í helgan stein.

„Af því að,“ sagði Nýráður eftir nokkra umhugsun, „Níðuður er ríkur og valdagráðugur. Það eru einmitt menn eins og hann sem punga út mestu fyrir dvergaserð.“

„En hvað ef ...“ byrjaði Skögul en Nýráður greip fram í fyrir henni: „Hvað ef Níðuð langar ekki að borga fyrir þjónustu mína? Hvað ef hann ákveður að drepa okkur bæði og taka sverðið ókeypis?“

„Öh ... já, til dæmis?“ sagði Skögul hvumsa. Þetta var nokkurn veginn það sem hún hafði verið að hugsa en töluvert beinskeyttara.

„Hafðu engar áhyggjur af því, væna,“ sagði Nýráður. „Ég hugsa fyrir öll ... ÁÁÁ!!!“ Honum hafði loksins tekist að kveikja eld.

Nýráður saug vísifingurinn og hélt svo áfram: „Það sem ég vildi sagt hafa er að Níðuður vogar sér ekki að stela sverðinu af mér. Hver sem stelur frá dvergum kallar hræðilega ógæfu yfir sig.“ Nýráður brosti lymskulega. „Sérðu þetta?“ sagði hann skyndilega spenntur og benti í átt að grasinu á milli þeirra og skógarins.

„Hvað?“ spurði Skögul.

„Þetta,“ svaraði Nýráður og reif afar ókræsilegan svepp upp úr grasinu. „Slöttblekill!“ sagði hann eins og það útskýrði allt. „Hann er uppistöðuhráefnið í sveppaseyðinu sem amma mín gerði alltaf á hátíðisdögum. Það eru klasar af þeim hérna!“

Skögul andvarpaði lágt. Nýráður var farinn að tala um sveppi. Hann var sérfræðingur í því að breyta umræðuefnum sem honum leiddist í eitthvað sem kom málinu ekkert við.

„Ég skal ná í vatn,“ sagði Skögul, sem vissi að hún myndi ekki drekka þetta sveppaseyði. Melting hennar réð ekki alltaf við eldamennsku Nýráðs.

Grá ský voru á lofti þegar Skögul og Nýráður héldu áfram för sinni í morgunsárið. Skögul vonaði að rigningin myndi hreinsa burt svörtu blettina eftir sveppaseyðið – þeim hafði ekki tekist að má þá af jörðinni með neinu móti og Skögul hafði það óþægilega á tilfinningunni að ekkert myndi vaxa þarna í bráð, nema ef til vill slöttbleklar.

Skögul og Nýráður gengu allan daginn eins og undarfarnar tvær vikur, alveg síðan þau lögðu af stað frá Svarinshaugi. Í lok þessa langa göngudags brosti Nýráður þó og sagði loksins við Skögul: „Við erum komin.“

Hann benti út að sjóndeildarhringnum með stafnum sínum, þar sem borgarvirki Níðaðar bar við himininn. „Þarna er kærkomin sjón,“ sagði Nýráður og hló. „Ég vona að maturinn sé eins góður og þegar ég kom hingað síðast. Þá voru steikt hreindýr og vínlegnir geltir á boðstólnum og meira öl en sjálf Heiðrún gæti framleitt! Það var auðvitað áður en Níðuður varð konungur en maður veit aldrei ...“

Borgarhlíðið var lokað þegar þau komu upp að virkisveggnum. Sex brynklæddir riddarar stóðu vörð fyrir framan múrinn og horfðu á þau tortryggnum augum. „Hver eruð þið og hvað viljið þið hér?“ spurði foringi þeirra og kippti sér ekki vitund upp við að dvergur legði leið sína inn í borgina.

„Nýráður smiður frá Svarinshaugi,“ svaraði Nýráður, „og trygglynd dóttir mín, Skögul. Níðuður konungur á von á okkur.“

„Hvað er í þessum poka?“ spurði vörðurinn tortrygginn og benti á verkfærapokann í höndum Sköglar.

„Varningur ætlaður Níðuði einum,“ svaraði Nýráður kurteislega, en vörðurinn gerði sig samt líklegan til að hrifsa pokann af Skögul. „Í þínum sporum léti ég hann vera. Kannastu við Svafurlama

konung? Hann stal dvergaserði, vann nokkur einvígi með því ... og var svo drepinn með sverðinu. En auðmanninn Hreiðmar? Hann tók við stolnu dvergagulli ... og var myrtur af eigin syni áður en hann gat eytt því. Tilviljun? Eða álög? Dragðu þína ályktun, drengur, en líttu á þetta sem viðvörun:

*Ósnotur maður
einn hyggst ræna
djásnum Durins niðja.“*

Vörðurinn kippti höndinni að sér eins og hann óttaðist að pokinn myndi bíta sig. Nýráður brosti með sjálfum sér. Hann var ekki svo fær galdramaður að þeir sem stælu frá honum væru í lífshættu – þeir óheppnustu myndu enda með beinbrot. Verðirnir þurftu þó ekkert að vita það.

„Við erum með boðsmíða frá konungnum,“ sagði Nýráður. Hann dró fram krumpaða skinnþjötlu undan skikkjunni og rétti verðinum hana. Vörðurinn rembdist við að lesa bréfið en andvarpaði svo.

„Hleypið þeim inn,“ sagði hann með nokkrum trega við hina verðina, sem gáfu félögum sínum uppi á virkisveggnum merki um að opna hliðið.

„Þakka þér kærlega, drengur minn,“ sagði Nýráður glaðlega og hélt inn um hliðið.

Ólíkt vörðunum virtist fólkið innan borgarmúrsins óviðbúið því að sjá dverg. Nokkrir hestasveinar gáfu Nýráði illt auga og tvær þjónustustúlkur muldruðu eitthvað sín á milli þegar þau gengu fram hjá. Nýráði fannst hann heyra orðin „ósvífni“ og „skrímsli.“ Það var greinilegt að orðstír dverga hafði beðið hnekki eftir seinustu hemsókn hans.

„Hvað gerðir þú eiginlega þegar þú varst hérna síðast?“ spurði Skögul lágt.

„Ég bjó til vopn fyrir konunginn, fékk borgað og fór svo,“ svaraði Nýráður sannleikanum samkvæmt. Viðtökurnar í það skipti höfðu verið mun hlýlegri. Reyndar hafði sveppaseyðið hans valdið smávægilegu slysi þegar hópur fólks hélt að kviknað hefði í konungshúsinu og forðaði sér í ofboði frá reykhafinu. Tveir hestar höfðu oltið um koll og einn varðliðsmaður brotið á sér sköflunginn í uppbotinu, en Nýráður efaðist um að nokkur væri enn reiður því eftir tuttugu ár. Að minnsta kosti var hann búinn að læra af reynslunni og myndi ekki malla slíkt brugg aftur í þetta sinn.

Áður en Nýráður gat velt kuldalegu viðmóti bæjarbúanna frekar fyrir sér gekk annar riddari í veg fyrir þau. Hann var greinilega hærra settur en hinir fyrri – hann var klæddur í rauða skikkju og með gullhring um handlegginn til merkis um tryggð sína við konunginn. Riddarinn var rauðhærður og með mjótt, snyrtilegt yfirvaraskegg og hökutopp.

„Ert þú Nýráður frá Svarinshaugi?“ spurði hann rólyndur á svip.

„Hinn eini sanni,“ svaraði Nýráður.

„Ég heiti Reginn,“ sagði rauðhærði riddarinn. „Mér var falið að vísa ykkur til herbergja ykkar. Konungurinn veitir ykkur ekki áheyrn fyrr en á morgun.“

„Af hverju ekki?“ spurði Skögul hissa. „Hann bauð okkur hingað.“

„Níðuður á von á fleiri gestum en ykkur. Hann vill taka á móti þeim öllum samtímis.“

„Hvers vegna vill hann ...“ byrjaði Skögul en þagnaði því tómlægur svipurinn á Regin gaf til kynna að hann myndi ekki svara þessari spurningu hver sem hún væri.

Reginn fylgdi þeim að tveimur eikardyrum á einni útbyggingunni.

„Hér getið þið sofið í nótt. Ykkur verður færður matur, drykkur, heitt baðvatn“ – hann leit með vanþóknun á Nýráð og fitjaði eitt andartak upp á nefið – „og hrein föt eftir þörfum.“

„Jæja, við þökkum þér þá fyrir hjálpina,“ sagði Nýráður og ætlaði að taka í hönd hans en Reginn hélt áfram: „Okkar á milli sagt væri æskilegt að þið hélduð ykkur bara út af fyrir ykkur þar til á morgun. Hulduverur eru óvinsælar hér í borginni þessa dagana.“

„Já, við tókum eftir því,“ sagði Nýráður alvarlega. „Kannstu einhverja skýringu á því?“

Það dimmdi yfir Reginn. „Konungurinn átti nýverið í ágreiningi við smið af álfaættum, Völund að nafni,“ sagði hann. „Þetta var hið óheppilegasta mál.“

„En fyrst hans hátign bauð mér hingað er hann greinilega nógu vitur til að erfa það ekki við aðra en Völund. Ekki satt?“

„Jú,“ sagði Reginn, „konungurinn er vitur.“

Að svo mæltu snerist Reginn á hæli og strunsaði burt, bersýnilega feginn því að hafa sloppið við að taka í skítuga hönd dvergsins. Í eitt andartak hvarflaði að Nýráði að það hefðu verið mistök að koma.

Skögul sofnaði strax og hún lokaði augunum þetta kvöld. Hún hafði ekki átt von á því að sofa rótt en heitt bað, góður kvöldmatur og mjúkt rúm eftir tvær vikur á faraldsfæti voru sterk svefnmeðul. Þegar hún vaknaði morguninn eftir skammaðist hún sín næstum því fyrir að hafa ekki látið kvíðann halda fyrir sér vöku.

Á meðan Skögul flétti á sér hárið var barið á hurðina að herberginu og Nýráður gekk inn. „Góðan dag, væna!“ sagði hann glaðlega. Ef hann hafði áhyggjur lét hann ekki á neinu bera frekar en fyrri daginn. „Svafstu vel?“

„Já,“ svaraði Skögul, sannleikanum samkvæmt. „Rekkjan er mjög mjúk.“

Nýráður pottaði í heydýnuna með stafnum sínum og kinkaði kolli. „Já, þú segir nokkuð,“ sagði hann eftir vandlega ígrundun. En mýkt rekkjanna í Næríki var umræðuefni sem geðjaðist fáum og Nýráður var þar engin undantekning, svo hann hélt áfram: „Ég held að hinir gestirnir séu komnir. Það er mikill erill í húsagarðinum.“

„Veist þú hverjir þetta eru?“ spurði Skögul.

„Nei, en ef þetta eru þeir sem mig grunar er þetta ekkert til að hafa áhyggjur af.“

Áður en Skögul gat spurt hvað hann meinti var bankað aftur á hurðina og Reginn gekk inn. „Góðan dag,“ sagði hann og kinkaði kolli til þeirra. „Hans hátign veitir ykkur áheyrn núna ásamt hinum gestunum.“

„Á þessum tíma morguns?“ spurði Nýráður.

„Hann býður ykkur til hádegisverðar eftir það,“ bætti Reginn við.

Það birti yfir Nýráði. „Ah, það er allt annar handleggur. Fylgdu okkur þangað, drengur minn! Hans hátign verður ekki fyrir vonbrigðum!“

Skögul sýndist yfirvaraskeggið á Reginn ýfast eitt augnablik þegar Nýráður kallaði hann „dreng“ en henni gæti allt eins hafa missýnst, því það var aftur orðið slétt og snyrtilegt þegar hún deplaði augunum.

Reginn kinkaði kolli og benti þeim á að fylgja sér, þannig að Nýráður og Skögul roguðust með verkfærapokann á milli sín á eftir honum. Fólkið í húsagarðinum horfði á þau með sömu tortryggni og kvöldið áður en verðirnir við langhús konungsins hleyptu þeim strax inn og þeir sáu að Reginn var með þeim.

„Farið inn án mín,“ sagði Reginn í dyragættinni. „Ég þarf að

sækja hina gestina.“ Hann tók nokkur skref burt en nam svo staðar og bætti við: „Og í ykkar sporum myndi ég ávarpa gestgjafann „yðar hátign“, ekki „dreng“.“

Skögul og Nýráður opnuðu dyrnar í sameiningu og gengu inn í viðhafnarsalinn. Skálinn var enn stærri en hann hafði virst að utan og veggirnir þaktir teppum skreyttum myndum af veiðum og orrustum. Langt eldstæði lá eftir miðjum salnum og lýsti upp pallana þar í kring en á þeim sat fjöldinn allur af skartklæddum hirðmönnum sem stöðu á aðkomufólkið. Í gylltu öndvegi á hápallinum framan við miðja langeldana sat sjálfur Níðuður Njárákonungur.

Skögul virti Níðuð fyrir sér: Hár hans var brúnt og bundið í tagl en farið að grána nokkuð. Yfir bláum augum hans voru einkennilega hvassar augabrúnir. Hann var klæddur í skarlatsrauð litklæði og brúnan loðfeld, svo þakinn gulli og skartgripum að Skögul ofbauð það örlítið.

Níðuður leit upp þegar þau komu inn í salinn og brosti:

„Velkominn, Nýráður,“ sagði hann djúpri en vingjarnlegri röddu. „Það gleður mig að sjá þig hér eftir öll þessi ár. Ég var farinn að óttast að eitthvað hefði hent ykkur á leiðinni.“

Nýráður hneigði sig áður en hann tók til máls og Skögul fór að dæmi hans:

„Þakka yður, yðar hátign,“ sagði Nýráður. „Faðir yðar var einn af bestu viðskiptavinum mínum og það er mér sönn ánægja að liðsinna fjölskyldunni aftur.“

„Já, ég man að faðir minn mat þig alltaf mikils,“ sagði Níðuður. „Þökk sé þér og vopnum þínum bar hann alltaf sigur á óvinum sínum.“

Sorgarsvipur kom yfir Níðuð er hann hélt áfram: „Eins og þið vitið eflaust sagði smiðurinn Völundur nýlega upp starfi sínu hjá mér. Ég tel ekki viðeigandi að ég notist lengur við sverðið sem hann

smíðaði fyrir mig. Þess vegna bauð ég þér hingað – þér verður vel umbunað ef sverðið sem þú bjóst til fyrir mig er í sama gæðaflokki og þau sem þú smíðaðir fyrir föður minn.“

Áður en Nýráður gat fullvissað Níðuð um að nýja sverðið væri vissulega í sama gæðaflokki og hin fyrri (og reyndar enn betra) og að með það við höndina myndi hann aldrei lúta í lægra haldi í orrustu opnuðust dyr viðhafnarsalarins og Reginn gekk inn. Á eftir honum trítlaði annar dvergur.

Dvergurinn var svo gerólíkur öllum öðrum dvergum sem Skögul hafði séð að það hvarflaði að henni eitt augnablik að þetta væri aðeins mjög smávaxinn maður. Hár hans var biksvart og snyrtilega greitt aftur, skeggið var mjótt og liðað og húðin slétt og föl. Hann var á hæð við Nýráð en virtist hærri en hann vegna þess hve mjósleginn hann var. Dökkgræn skikkja dvergsins var í stíl við gruggug augun.

Á eftir Regin og dvergnum komu tvær stuttvaxnar verur sem Skögul kom ekki fyrir sig. Henni datt helst í hug að þær væru einhvers konar forynjur úr leir: Þær voru hárlausar og brúnleitar og andlit þeirra virtust búin til úr hrukkum og undirhökum. Önnur þeirra hélt á ílöngum böggli en hin rogaðist með steðja.

Dvergurinn rak upp stór augu þegar hann sá Nýráð. „Nýráður!“

„Já,“ sagði Nýráður til staðfestingar. „Sæll, Nóri.“

„Velkominn, Nóri,“ byrjaði Níðuður og setti upp sama bros og þegar hann hafði heilsað Nýráði. „Ég vona að ferðin frá Aurvöngum hafi ...“

„Hvað er HANN að gera hér?!“ greip Nóri reiðilega fram í og benti á Nýráð.

Brosið á vörum Níðaðar dofnaði eitt augnablik en hann var fljótur að setja annað upp í staðinn. „Mér fannst hyggilegast að bjóða bæði besta smiðnum frá Aurvöngum og þeim hæfasta frá Svarinshaugi til að fá sem breiðasta sýn yfir handverk dverga.“

„Það var kannski hyggilegt, yðar hátign,“ sagði Nýráður, „en ekki ýkja heiðarlegt. Þér minntust ekki einu orði á þetta í bréfinu sem þér senduð mér. Ekki ætlið þér að kaupa sverð af okkur báðum?“

Í stað þess að svara spurningunni smellti Níðuður fingrum. Þrír verðir stigu fram og lögðu stóran kistil við fætur Nýráðs og Nóra. Dvergarnir göptu báðir en leirverurnar gáfu frá sér undrunarhljóð. Kistan var barmafull af skínandi gullpeningum og það glitti í nokkra eðalsteina á milli myntanna í hrúgunni.

„Þetta,“ sagði Níðuður þegar dvergarnir höfðu gapað nægju sína, „er handa þeim ykkar sem bjó til betra vopnið. Ég hef heyrt ykkur báða segjast vera bestu smiðir heimsins. Sá ykkar sem laug fer tómhentur heim.“

Nýráður og Nóri störfðu á konunginn og virtust ekki koma upp orði. Skögul vissi ekki hvernig rétt væri að bregðast við þessu – Níðuður hafði gengið á bak orða sinna en það var lítið á því að græða að mótmæla honum.

Nóri rauf að lokum þögnina með nöprum og hæðnislegum hlátri. Leirverurnar tvær tóku undir með honum og nokkrir hirðmenn flissuðu jafnvel til samlætis.

„Það er gott að sjá að þú tekur fréttunum með íþróttamannslegu jafnaðargeði, Nóri,“ sagði Nýráður en Nóri lét ekki af hlátrinum. „Hvað er svona fyndið?“

„Af öllum dvergum,“ flissaði Nóri og beindi orðunum til Níðaðar, „ákváðuð þér að bjóða Nýráði. Skítuga, gamla lúsablesanum honum Nýráði! Hvað hefur hann gert síðustu áratugina annað en að sötra sveppaseyði heima í Svarinshaugi? Ekkert! Hann er úr sér genginn, kalkaður forngripur!“

Skögul opnaði munninn til að mótmæla þessu en Nýráður varð fyrri til. „Ég legg meiri áherslu á gæði en magn,“ sagði hann kuldalega. „Ég vona að þér hafi verið kennt slíkt hið sama.“

Nóri roðnaði eitt augnablik en sneri sér svo að Nýráði með háðsglott á vör. „Já, Nýráður,“ sagði hann. „Verst að Fróði konungur getur ekki borið vitni um *gæðin* þín.“

Nú var komið að Nýráði að roðna. „Ég firri mig allri ábyrgð á því sem kom fyrir Fróða konung. Vopnin mín geta ekki bjargað manni frá drukknum!“

Níðuður konungur stóð upp úr hásæti sínu þannig að hann gnæfði yfir dvergana tvo.

„Ég legg til að þið látið verkin tala í stað þess að metast. Sýnið mér sverðin, svo ég geti skorið úr um hvor ykkar á verðlaunin skilið!“

„Vigur! Réttu mér sverðið!“ sagði Nóri strax við aðra leirveruna. Skögul fór hjá sér þegar hún heyrði Nóra kalla veruna „Vigur“. Vigur var dvergsnafn, sem þýddi eflaust að „leirverurnar“ voru í rauninni bara fleiri dvergar. „Ekkert er aumara að sjá en hárlaus dvergur,“ sagði Nýráður stundum og þegar Skögul virti Vigur fyrir sér sýndist henni hann hafa á réttu að standa.

Nóri þreif böggulinn úr höndum Vigurs og reif hann upp með ákafa á við hungraðan úlf. Eftir talsvert basl dró hann fram sverð og hélt því sigri hrósandi yfir höfði sér. Hirðmennirnir tóku andköf – sverðið skein eins og það væri úr skíragulli og þrír grænir eðalsteinar voru greiptir í handfangið.

Níðuður hleypti brúnum. „Þetta er fallegur smíðisgripur, Nóri,“ sagði hann, „en ég held ekki að gullsverð komi að miklu gagni í bardaga.“

„Gull?!“ sagði Nóri móðgaður. „Þetta sverð, yðar hátign, er gert úr sterkustu efnablöndu í þessum heimi og þótt víðar væri leitað! Ég fann hana sjálfur upp!“

„Áhugavert,“ sagði Níðuður sviplaus. „Og hvað er í þessari efnablöndu?“

„Bein snigilsins, sjón moldvörpunnar og skuggi vindsins!“

svaraði Nóri hróðugur og beið eftir fleiri andköfum frá hirðinni. Andköfin létu ekki á sér kræla en þeirra í stað fylltist viðhafnarsalurinn af flissi. Níðuði sjálfum rétt tókst að halda aftur af glotti sem var að myndast á vörum hans.

„Þetta er ekkert grín!“ sagði Nóri reiðilega en í stað þess að fjara út stigmagnaðist flissið og varð að hlátri. Andlit Nóra tók á sig sótrauðan lit. „Virfir! Steðjann!“ öskraði hann á hinn skalladverginn. Virfir dró fram steðjann sem hann bar með sér og hlammaði honum niður við fætur Nóra. Nóri sveiflaði sverðinu með ofsafengnum glampa í augum og hjó af öllu afli í hann miðjan.

Skellurinn og blossom þöggudu niður í flestum. Hirðmennirnir köstuðu sér í skjól til að forðast splundraða steðjabitana sem flugu í allar áttir en einn þrællinn var ekki svo heppinn – hann var í miðri hláturroku þegar bútur úr steðjanum flaug beint í flasið á honum og sló hann niður.

Níðuður starði dolfallinn á það sem eftir var af steðjanum en leit svo upp með bros á vör og klappaði saman lófunum. Hirðmennirnir fóru umsvifalaust að dæmi hans, að undanskildum þrælum sem hafði fengið bitann í andlitið en hann átti í fullu fangi með að halda aftur af fossandi blóðnösnum. „Vel gert, Nóri!“ sagði konungurinn. „Þú stenst væntingar mínar að vanda og ég vænti aldrei neins hálfkáks þegar besti smiður Aurvanga er annars vegar!“

„Þakka yður kærlega, yðar hátign,“ sagði Nóri og tók nokkur skref í átt að kistunni. „Gæti ég fengið nokkra verði til að bera gullið í vagninn minn? Við viljum ekki að aðstoðarmennirnir mínir kámi kistuna út með þessum skítugu ...“

Nýráður ræskti sig hátt áður en Nóri gat fengið svar. Nóri andvarpaði og færði sig frá kistunni.

Þá dró Nýráður fram pokann sem hafði valdið Skögul bakverkjum síðustu vikurnar og upp úr honum ílangan böggul svipaðan þeim sem Vigur hafði rétt Nóra. Þegar Nýráður opnaði

böggulinn lýstist salurinn upp af björtu, skærfjólubláu ljósi. Ljósið blindaði Skögul eitt augnablik en þegar hún pírdi augun sá hún Nýráð halda sverði yfir höfði sér. Hirðmennirnir tóku enn og aftur andköf og í þetta sinn gat Skögul sjálf varla haldið aftur af sér. Jafnvel Nóri, Vigur og Virfir göptu.

Sverðið gaf ekki bara frá sér fjólubláan bjarma heldur virtist það hreinlega búið til úr ljósi. Níðuður starði orðlaus á sverðið. „Hvað er þetta?“

„Fjólublátt,“ sagði Nýráður einfaldlega og veifaði sverðinu yfir höfði sér. Sverðið skildi eftir sig boga af ljósi sem skar sig inn í augu áhorfendanna.

„Ég vil enga útúrsnúninga, Nýráður,“ sagði Níðuður hastur. „Úr hverju er þetta sverð?“

„Ég sagði það, yðar tign,“ svaraði Nýráður. „Það er búið til úr litnum sjálfum. Ég notaði eitt sama efnið og var notað við byggingu Bifrastar, brúarinnar til Ásgarðs.“

„Bifrastar? Regnbogabráurinnar?“ spurði Níðuður tortrygginn. „En þá er sverðið ...“

„Ryðfrítt, fislétt og óbrjótanlegt,“ botnaði Nýráður. „Ja, kannski gefur það sig ef Múspellssynir traðka ofan á því en að því undanskildu ...“

„HA!“ þrumaði Nóri og otaði löngum vísifingri að Nýráði eins og til að reka hann í gegn. „Það getur hver sem er sagst hafa búið til óbrjótanlegt sverð! Þú bjóst ekkert slíkt til áður en þú settist í helgan stein! Sýndu okkur það í verki frekar en að tala um það!“

„Ég er hræddur um að mér hafi yfirsést að koma með steðja,“ sagði Nýráður afsakandi.

„Þakkráður!“ kallaði Níðuður á þrælinn sem hafði fengið steðjann framan í sig. „Náðu í steðja handa Nýráði!“

Þakkráður hneigði sig og gaf dvergnum illt auga á leiðinni út.

Hann kom aftur að vörmu spori ásamt ungum manni með vagn af steðjum í eftirdragi. „Mér líst ekki á þetta,“ tautaði hann fýlulega á meðan aðstoðarmaður hans staflaði steðjunum fyrir framan Nýráð. „Það á að hamra járn á steðjum, ekki höggva þá í sundur. Einn steðji getur kostað ...“ Þakkráður snarþagnaði og kastaði sér niður þegar Nýráður reiddi sverðið til höggs.

Nýráður hjó af öllu afli í steðjastaflann. Blindandi blossi lýsti upp salinn eins og fjólublárrí eldingu hefði slegið niður. Það tók Skögul nokkur andartök að fá sjónina aftur en þegar hún fékk hana sá hún að í stað steðjanna var núna svartur, rjúkandi blettur á gólfinu. Ekkert var eftir af steðjunum nema skínandi agnir sem þyrluðust um í loftinu.

Allur salurinn góndi á blettinn. Nóri lyfti upp fingri og opnaði munninn en kom ekki upp orði. Vigur og Virfir tóku nokkur skref í burtu frá Nóra. Þakkráður veinaði þegar hann leit upp og sá hvað hafði orðið um steðjana hans. Konungurinn hallaði sér hins vegar fram og starði á sverðið með græðgislegum glampa í augum.

Skögul sjálf gat ekki varist brosi. Fá mennsk börn gátu sagst eiga föður sem gat gereytt stafla af steðjum með sverði úr fjólubláu ljósi – og að vera orðin hluti af þeim forréttindahóp fannst henni viss heiður.

Eftir langa þögn byrjaði lófaklapp einhvers staðar meðal hirðmannanna og breiddist fljótt út. Níðuður sjálfur þurrkaði áfergjusvipinn af vörunum og tók þátt í klappinu en gaf hirðmönnum svo merki um að hætta.

„Húrra, Nýráður!“ sagði konungurinn. „Faðir minn sagði mér oft að þú værir snillingur og nú skil ég hvað hann meinti. Það er greinilegt að þú hefur engu gleymt síðan þú varst hér síðast!“

„Þökk fyrir, yðar hátign,“ sagði Nýráður og hneigði sig. „Maður gleymir ekki fimmhundrað ára starfsreynslu eftir tuttugu ára hlé.“

„Auðvitað ekki,“ sagði Níðuður brosandí og leit svo yfir á

Nóra, sem var aftur orðinn sótraður í framan. „Þið eruð báðir búnir að sanna hæfni ykkar en ég mun engu að síður aðeins kaupa annað sverðið.“

Dvergarnir horfðu á Níðuð með eftirvæntingarvip. *Hann hlýtur að kaupa okkar sverð*, hugsaði Skögul. Jafnvel Nóri virtist gera sér grein fyrir því að Nýráður hefði unnið. Hví skyldi Níðuður ekki velja betra sverðið?

„Ég þarf tíma til að ígrunda hvort þeirra það verður,“ hélt Níðuður áfram. „Þið fáid að heyra ákvörðun mína í kvöld.“

Fólkið í salnum gaf frá sér undrunarhljóð. Skögul var bersýnilega ekki sú eina sem hafði búist við því að hann veldi sverð Nýráðs umsvifalaust. Níðuður lyfti upp hendi til marks um að hirðmennirnir ættu að þegja.

„Ég minnst þess að hafa boðið ykkur í hádegisverð eftir þennan fund,“ sagði hann mjúklega, „og ég prúttu aldrei við matarborðið.“

Níðuður smellti fingrum og á augabragði lögðu þrælarnir dúkuð matborð niður framan við bekkina allt í kringum langeldana. Reginn gaf Skögul og dvergunum merki um að setjast en Nóri stóð kyrr á miðju gólfinu með hnefana kreppta svo fast að neglurnar blóðguðu lófana.

„Nóri,“ hvíslaði Nýráður og tók nokkur skref til hans, „mér þykir þetta leitt. Ég hafði enga hugmynd um að þér hefði verið boðið hingað. Það var ekki ætlun mín að ræna þig þessu tækifæri.“

Þetta kom Skögul í opna skjöldu. Hvers vegna var faðir hennar að biðja þennan rudda afsökunar?

„Ræna mig tækifærinu?!“ hvæsti Nóri. „Þú ert ekki búinn að vinna!“

Nóri strunsaði til sætis með Vigur og Virfi í eftirdragi. Nýráður horfði á eftir þeim og andvarpaði. „Jæja,“ sagði hann svo við Skögul, „þetta gat farið verr. Bara að maturinn sé eins góður og þegar ég kom hingað síðast.“

Skögul hafði að vísu ekki verið fædd þegar Nýráður kom síðast til Næríkis en þegar hún leit yfir hlaðborðið þótti henni afar ólíklegt að maturinn hefði verið betri þá. Þarna voru ekki aðeins steikt hreindýr og vínlegið villisvínakjöt á boðstólnum – þarna voru steikt gæs í hunangi, kjöt dýra sem hún hafði aldrei séð áður og fót drekkhlaðin risavöxnum ávöxtum í öllum regnbogans litum. Steiktum páfugli var stillt upp á borðið – litríkar fjaðrir hans voru enn áfastar við hann þannig að hann virtist enn vera á lífi. Enginn vildi taka af skarið og hrófla við uppstillingunni til að skera fyrstu sneiðina. Við hlið fuglsins hafði frambúkur af steiktum grís verið saumaður við afturbúk af hana en Skögul fannst sá réttur ógeðfelldur frekar en girnilegur.

Skögul leit á Nýráð, sem sat henni á hægri hönd og var þegar byrjaður að skammta sér af öllu sem var hendi næst. Keppinautar þeirra sátu eins fjarri þeim og mögulegt var án þess að yfirgefa óæðra öndvegið andspænis Níðuði. Nóri einblíndi fýlulega á borðið með krosslagðar hendur á meðan Virfir skammtaði honum kássu en Vigur sat örlítið afsíðis við þá og spjallaði við Regin.

„Kæru vinir,“ sagði Níðuður í æðra öndveginu, „ég veit að ferðin hingað hefur varla verið auðveld. Ég vona bara að þessi málsverður bæti ykkur upp erfiði.“

„En hugulsamt af honum,“ muldraði Nýráður. „Fyrir annan okkar verður þetta sneypuför.“

„Skál,“ sagði Níðuður og lyfti gullnu drykkjarhorni, „fyrir tveimur bestu smiðum veraldarinnar!“

„Skál fyrir Nýráði og Nóra!“ sögðu hirðmennirnir í kór og lyftu allir sem einn upp drykkjarhornum sínum.

„Þakka ykkur kærlega fyrir,“ sagði Nýráður brosandí. „Þessar yndislegu móttökur ylja mér um hjartaræturnar.“

Nóri kreisti fram svip sem átti eflaust að vera bros. „Takk.“

Eftir þessi hjartnæmu þakkarorð sneru gestirnir sér aftur að matnum. Skögul hafði hingað til verið of upptekin við að dást að matvælanum til að átta sig á að hún var glórhungruð. Hún leit aftur yfir hlaðborðið og teygði sig í sneið af dökkbrúnum blóðmör sem hún hafði ekki séð áður.

„Nýráður,“ sagði hún og virti fyrir sér sneiðina, „má ég spyrja þig að einu?“

„Ha? Auðvitað máttu það!“

„Hvaða dýr er þetta?“ spurði Skögul og rétti honum sneiðina. Nýráður tók við sneiðinni og hélt henni fyrir framan sig. Hann pírði augun, starði á sneiðina, bar hana upp að nefinu á sér en hristi svo höfuðið.

„Ég hef enga hugmynd, Skögul,“ sagði hann loks. „Lyktin er eins og af einhvers konar sjávardýri en ég ...“

„Þetta er slátur úr hnísuvömb,“ heyrði Skögul sagt fyrir aftan sig. Hún sneri sér við og sá að það var stúlka sem hafði talað, aðeins fáeinum árum eldri en hún sjálf. Skögul velktist ekki eitt augnablik í vafa um að þetta væri dóttir Niðaðar – hún var með sömu bláu augun, sama brúna hárið og sömu einkennilega hvössu augabrúnirnar. Auk þess var hún álíka skartklædd og faðir hennar – allt í fari hennar gaf til kynna að hér væri kóngsdóttir á ferð.

„Ah,“ sagði Nýráður, „mér fannst lyktin líka kunnugleg. Þakka þér, ungfrú ...?“

„Böðvildur,“ svaraði stúlkan.

„Böðvildur?“ spurði Nýráður og hleypti brúnum. „Skögul, þetta er dóttir konungsins!“

Skögul vissi hvað það þýddi. Hún spratt upp úr stólnum og ætlaði að beygja sig fyrir henni en áður en hún gat gert það greip Böðvildur í hana og stöðvaði hana.

„Þakka þér kærlega,“ sagði hún lágt og gjóaði í eitt andartak augunum að Níðuði, „en þetta er óþarfi. Ég á eiginlega ekki að vera hérna. Ég kom bara til að tala við þig.“

„Við mig?“ spurði Skögul undrandi. „Meinarðu við okkur?“

„Nei, ég meina við þig, kjáni,“ svaraði Böðvildur. „Ég var að velta því fyrir mér hvort þú myndir þiggja skoðunarferð um borgina með mér?“

„Ha? Ég?“ spurði Skögul hlessa. Á dauða sínum hafði hún átt von en ekki á því að konungsdóttir gengi nokkurn tímann upp að henni og byði henni í skoðunarferð. Hún var óvön því að aðrir en Nýráður gæfu henni nokkurn gaum og þegar það gerðist var það yfirleitt aðeins til að segja „Geturðu rétt mér vatnsfötuna?“ eða „Hvað borgar Nýráður þér mikið?“.

„Já, þú,“ sagði Böðvildur óþolinmóð. „Er það í lagi?“ spurði hún Nýráð.

„Eh ... allt í lagi,“ sagði Nýráður eftir langt hik. „Ef hún þiggur það, það er að segja.“

Skögul hugsaði sig um. Langaði hana til þess að skoða borgina með Böðvildi? Hún hafði engan sérstakan áhuga á svæðinu sjálfu en henni fannst hálfgerð ókurteisi að þiggja ekki boð frá dóttur gestgjafans. Auk þess fengi hún sennilegast ekki tækifæri til að tala við neinn jafnaldra sinn næstu vikurnar – það þjuggu engin önnur mennsk börn í Svarinshaugi og „börn“ á mælikvarða dverga voru flest komin langt á þrítugsaldur.

„Jæja?“ sagði Böðvildur.

„Já, yðar hátign. Það væri mér sönn ánægja.“

Nóri skar blóðugt kjötstykkið fyrir framan sig í búta og ímyndaði sér að hann væri að rífa Nýráð í sundur. *Hvers vegna þarf þessi*

gamla, sjálfumglaða fuglabræða að birtast í hvert sinn sem lífið brosir við mér? hugsaði hann reiðilega á meðan hann hamaðist á stykkinu. Hvernig væri að hleypa einhverjum yngri að?

Nóra varð hugsað til fyrstu kynna þeirra Nýráðs. Þá hafði Nóri verið tuttugu og tveggja ára snáði og Nýráður upprennandi smiður nýfluttur til Jöruvalla. Nóri mundi að hann hafði oft gengið fram hjá smiðju Nýráðs, hlustað á hamarshöggin og velt því fyrir sér hvort Nýráður gæti kennt honum að búa til sitt eigið sverð. Nóri fann hroll þegar hann minntist þess að hafa litið upp til hans. *Ég var bara heimsket barn, hugsaði hann. Ég vissi ekki betur.*

Öll aðdáun Nóra á Nýráði hafði sem betur fer gufað upp einn góðan veðurdag. Þann dag hafði Nýráður gert nokkuð sem var svo svívirðilegt, svo lágkúrulegt og svo viðbjóðslegt að Nóri hafði loksins farið að sjá hann í réttu ljósi:

Nýráður hafði kvænst móður hans.

„Öh ... húsbóndi?“ heyrði Nóri Virfi segja við hlið sér.

„Hvað?“ sagði Nóri án þess að líta upp af disknum.

„Ertu ekki búinn að skera kjötið nóg?“

Nóri leit á Virfi og svo aftur á diskinn. Virfir hafði rétt fyrir sér: Kjötstykkið var komið í svo margar sneiðar að það minnti helst á fuglafóður.

„Ég sker kjötið eins mikið og mér sýnist,“ muldraði Nóri.

Nóri starði á borðið í fáein andartök til viðbótar en fann svo klappað klunnalega á öxl sína. „Hertu upp hugann, húsbóndi,“ sagði Virfir. „Nýráður er ekki búinn að vinna.“

Nóri bandaði hendinni af öxl sinni. „Hann ER búinn að vinna, fíflað þitt!“ hreytti hann út úr sér. „Sérðu það ekki?“

„En þú sagðir sjálfur áðan að hann væri ekki búinn að því!“ sagði Virfir hissa.

Nóri góndi framan í hárlaust og hrukkótt andlitið á Virfi. Gat

hann virkilega verið svona heimskur? „Ég sagði það bara til að láta hann ekki hafa seinasta orðið, Virfir! Hann er með betra sverðið! Hann notaði efni sem ég vissi ekki einu sinni að væri hægt að nota!“

„Nýráður búinn að vinna, húsbóndi?“ spurði Vigur og settist hægra megin við Nóra með smeðjulegt bros á vör. „Vitleysa! Ef svo væri biði konungurinn ekki til kvölds með úrskurðinn.“

„Ég ætla ekki að hækka kaupíð þitt!“ sagði Nóri ósjálfrátt.

„Skilurðu ekki?“ spurði Vigur og lagði hönd á öxl Nóra. „Leiknum er ekki lokið fyrr en í kvöld.“

„Hvað með það?“ spurði Nóri fýlulega. „Ég get ekkert gert til að breyta ákvörðun kóngsins.“

„Nei, húsbóndi ...“ sagði Vigur lágt. „En ef til vill dregur Nýráður sig úr keppninni áður en konungurinn ákveður sig.“

„Af hverju ætti hann“ byrjaði Nóri en áttaði sig svo á því hvað Vigur var að fara.

Vigur yppti öxlum. „Mér sýnist þú ekki geta unnið á annan máta. Viltu heyra hugmynd sem ég var að fá?“

Nóri gjóaði augunum til Nýráðs. Hann var í óða önn að skemmta tveimur hirðmönnum með einhverri sögu á milli munnbita.

„Ég hlusta,“ sagði Nóri.

Á meðan Vigur greindi Nóra frá ráðabruggi sínu vísaði Böðvildur Skögul út í garð á bak við langhúsið.

„Afsakaðu hvað garðurinn er óþrifalegur,“ sagði Böðvildur. „Faðir minn hefur ekki haft efni á eins miklu viðhaldi síðan smiðurinn sagði upp störfum.“

Pegar Skögul leit á slétta grasið, rósarunnana, beint og snyrtilegt limgerðið með fram veginum og trjáradirnar sem teygðu sig til

himins sýndist henni garðurinn ekki þarfnast meira viðhalds. Skögul hafði að vísu aldrei lagt stund á garðyrkju svo álit hennar var eflaust lítils virði.

„Það gleður mig að þú skulir hafa komið hingað með Nýráði,“ sagði Böðvildur. „Það er búið að vera frekar leiðinlegt hérna upp á síðkastið.“

„Ó, eh ... mín er ánægjan,“ sagði Skögul. „En það getur nú varla verið mjög leiðinlegt hér, fullt af þjónum og fólki og ...“

„Ég verð að brýna fyrir þér að tína ekki liljurnar,“ greip Böðvildur fram í.

„Fyrirgefðu,“ sagði Skögul þótt hún hefði alls ekki gert sig líklega til að tína neitt. „Hvers vegna segirðu að það sé leiðinlegt hérna?“

Böðvildur starði út í loftið.

„Smiðurinn okkar bjó alltaf til svo fallega hluti fyrir okkur,“ sagði hún eftir langa þögn. „Síðan hann fór hefur ekki verið mikið um gesti. Og krakkarnir sem koma hingað eru yfirleitt frekar gamlir.“

„En ekki ég,“ sagði Skögul og roðnaði örlítið.

„Einmitt!“ sagði Böðvildur. „Þess vegna vildi ég ekki láta föður minn sjá mig í veislunni. Hann vill eiginlega ekki að ég blandi geði við annað ungt fólk. Ja, hann vill reyndar eiginlega ekki að ég blandi geði við *neinn* þessa dagana.“

Böðvildur hélt áfram að stara út í loftið. Í stað sjálföryggisins og yfirlætisins sem hún hafði sýnt við matarborðið fannst Skögul hún greina vott af reiði og depurð framan í Böðvildi.

Þá veit ég hvers vegna hún vildi tala við mig. Skyndilega fannst Skögul þær Böðvildur ekki svo ólíkar. Nýráður hafði að vísu aldrei bannað henni að tala við jafnaldra sína en engir jafnaldrar hennar bjuggu heldur í Svarinshaugi.

„Þetta er mjög fallegur garður,“ sagði Skögul.

„Já, finnst þér ekki?“ sagði Böðvildur. „Hvað heitirðu aftur?“ bætti hún svo við.

„Skögul.“

Böðvildur hleypti brúnum og leit á Skögul með eins konar samblöndu af kímni og vorkunn. „Það er ... merkilegt nafn.“

„Það er dvergsnafn“ sagði Skögul vandræðalega. „Faðir minn nefndi mig í höfuðið á frænku sinni.“

„Nýráður?“ spurði Böðvildur. „En hann er ekki faðir þinn í alvörunni, er það?“

Skögul eldroðnaði. „Ja ... nei, en hann ól mig upp.“

„Af hverju?“ spurði Böðvildur blátt áfram. „Hvað kom fyrir foreldra þína?“

Skögul leit niður á jörðina. Þetta samtal var orðið hálfóþægilegt. Hvað átti hún að segja henni? Að hún hefði verið borin út og aldrei þekkt foreldra sína? Að hún hefði að öllum líkindum verið óvelkomin viðbót í stóran krakkaskara eða launbarn einhverrar þjónustustúlku? Hún vissi bara að Nýráður hafði fundið hana á förnum vegi í óbyggðunum og tekið hana að sér. Henni fannst varla við hæfi að tala um þetta við fólk sem hún þekkti naumast, hvað þá fólk af kóngaættum.

„Ég veit það ekki,“ sagði hún.

Böðvildur virtist vonsvikin. „Jæja, fyrirgefðu að ég spurði,“ sagði hún og leit til himins. „Það er farið að skýja. Komdu, ég vil sýna þér svæðið við borgarmúrinn.“

Skögul kinkaði kalli og elti Böðvildi, fegin því að þurfa ekki að halda þessum samræðum áfram.

„Ertu lofthædd?“ spurði Böðvildur þegar þær gengu út í húsagarðinn.

Skögul hugsaði sig um. „Ég veit það ekki. Ég hef aldrei farið mjög hátt upp.“

„Ágætt!“ sagði Böðvildur. „Sérðu þennan turn?“ spurði hún og benti á háan, sívalningslaga steinturn við endann á borgarmúrnum. „Það er frábært útsýni yfir garðinn og fjöllin þarna uppi!“ Hún arkaði í átt að turninum án þess að bíða eftir svari Sköglar.

„Megum við fara þangað upp?“ spurði Skögul á meðan hún reyndi að halda í við Böðvildi á leiðinni upp hringstigann í turninum. Böðvildur flissaði og bergmálið innan turnsins gerði það að verkum að flissið hljómaði eins og skellihlátur.

„Hver ætti svo sem að stöðva okkur?“ spurði hún. „Enginn vörður lætur sig vanta í veisluna sem pabbi er að halda fyrir dvergana, sérstaklega ekki ef hann á að vera að gæta einhvers turns.“

„En ...“

„Og þó svo að einhver komi að okkur, hvað með það? Ég er dóttir konungsins og pabbi þinn er heiðursgestur.“

„Jæja þá,“ muldraði Skögul. Það var vit í því sem Böðvildur sagði en henni líkaði ekki háðslegur tónninn. Þær þögðu það sem eftir var af ferðinni upp, þar til þær komu að hleranum sem lá upp á turnþakið.

„Ég skal fara fyrst,“ sagði Böðvildur. Hún klifraði upp stigann að hleranum og hvarf sjónum Sköglar. „Komdu!“ heyrði Skögul hana kalla fyrir ofan sig.

Skögul klifraði upp stigann gegnum hlerann og pírdi augun þegar hún kom upp í dagsbirtuna.

„Jæja, sagði ég þér ekki að útsýnið væri gott?“ heyrði hún Böðvildi spyrja.

Þegar Skögul fékk sjónina aftur sá hún hvað Böðvildur átti við. Þau Nýráður höfðu ekki gefið fjöllunum mikinn gaum þegar þau gengu með fram þeim en úr þessari fjarlægð gat Skögul ekki annað

en dáðst að fegurð þeirra. Snæhetturnar og lækirnir virtust geisla til hennar í sólskininu og skýin sem umluktu hæstu tindana tóku á sig fagurbleikan lit.

„Veistu,“ sagði Skögul og sneri sér að Böðvildi, „Nýráður sagði mér einu sinni að fjöll væru búin til úr beinum dauðs risa. Heldurðu að það sé satt?“

Böðvildur skellti upp úr en þagnaði þegar hún áttaði sig á að Skögul var alvara. „Ja,“ sagði hún brosandí og færði sig nær brúninni til Sköglar, „hver veit? Ég frétti að pabbi þinn hefði búið til sverð úr ljósi. Ef það er satt ... er allt mögulegt.“

Skögul kinkaði kalli og brosti. „Þetta er svo ólíkt hellunum í Svarins ...“ byrjaði hún en þagnaði þegar hún leit framan í Böðvildi. Böðvildur starði yfir öxlina á Skögul með galopin augu og munn. Það tók Skögul andartak að átta sig á því að kóngsdóttirin var skelfingu lostin.

Áður en Skögul gat snúið sér við fékk hún niðþungt högg á höfuðið og féll umsvifalaust í rot.

„Og hvað gerðist svo?“ spurði einn hirðmannanna við borðið.

Nýráður beið með að svara á meðan hann tuggði síðustu kjötsneiðina á disknum sínum. „Eftir þetta sagði ég: *Við dvergarnir erum komnir af möðkum. Það væri vanvirðing við forfeður okkar að þrifa okkur of oft!* Auðvitað var mér svo hent út en það fylgir sögunni varla.“

Hirðmennirnir fjórir skelltu upp úr og Nýráður brosti með sjálfum sér. *Viðhorfið hefur aldeilis batnað síðan við komum hingað, hugsaði hann. Kannski hefur þeim tekist að yfirstíga ótta sinn. Eða kannski er það vínið.*

Verra þótti Nýráði að Nóri kunni ekki að meta þessa nýfengnu velvild – á leiðinni út hafði hann nánast hrint frá sér ungrri stúlku sem reyndi að bjóða honum upp í dans.

„Segðu okkur aðra sögu!“ bað ungur hirðmaður þvoglumæltum rómi og félagar hans tóku undir. Nýráður hugsaði sig um á meðan hann tæmdi ölkrúsina sína.

„Hafið þið heyrt um dverginn Heftifila?“ spurði Nýráður. Hirðmennirnir hristu höfuðið hver af öðrum.

„Hann er frægur hestajárnari, einn sá besti í bransanum. Við Heftifili vorum perluvinir þegar við vorum ungir drengir og við lentum í ýmsum ævintýrum ... eða kannski er það ekki rétta orðið? Köllum þetta ... *eftirminnileg atvik*.“

Nýráður fyllti krúsina aftur áður en hann hélt áfram: „Hvað sem því öllu líður, þá fórum við Heftifili oft niður í dal til að leika okkur þegar veðrið var gott. Þetta var lítill og afskekktur dalur þar sem við gátum verið út af fyrir okkur og við þekktum hann eins og handarbökin á okkur. En einn daginn sáum við að eitthvað hafði breyst í dalnum okkar: Einhver eða eitthvað hafði skilið eftir egg.“

„Egg?“ spurði annar hirðmaður.

„Já, egg,“ svaraði Nýráður, „en þetta var ekkert venjulegt egg. Þetta var fjöregg.“

„Fjöregg?“ spurði hirðmaðurinn.

„Já, ungi maður! Fjöregg! Við vorum með líf einhvers seinheppins jötuns í höndum okkar! Auðvitað var það fyrsta sem okkur datt í hug að brjóta eggid og drepa þannig tröllid áður en það kæmi aftur til að ná í það. Vandinn var bara að við gátum ekki brotið það! Við reyndum að kasta því niður gil og grafa það í grjótskriðu en ekkert virkaði. Þess vegna ákváðum við að fara með eggid heim og láta þabba Heftifila brjóta eggid með hamrinum sínum. Þetta var ekki ... eruð þið að hlusta?“

„Já! Já!“ flýttu hirðmennirnir sér að segja.

„Ágætt. Hvar vorum við nú? ... Ó, já, við Heftifili ákváðum að fara með eggid heim til föður hans og biðja hann um að brjóta það en þetta var ekkert hænuegg. Eggid var niðþungt og við þurftum að hjálpast að við að bera það heim yfir fjöll og firnindi. Þegar við komum svo loksins heim trúði pabbi Heftifila ekki að þetta væri fjöregg og sagði okkur að hætta að trufla sig! Eiginlega hætti ég þá sjálfur að trúa þessu og ákvað að gleyma þessu bara.“

„Nú?“ spurði ein hirðmærin. „Er þetta allt og sumt?“

„Nei, nei, nei!“ svaraði Nýráður hraðmæltur. „Hér kemur það áhugaverðasta: Nokkrum nóttum síðar dreymdi Heftifila að fjallshlíðin opnaðist og að jötunn gengi þaðan út. Jötunninn segist vera eigandi fjöreggsins og að hann muni deyja ef það brotni. Hann fær Heftifila svo til að gæta eggsins og lofar honum að hann muni ná langt og lifa hamingjuríku lífi ef það verði ekki fyrir skemmdum.“

„Og gekk það eftir?“

„Hann er núna virtur og dáður hestajárnari, eins og ég sagði. Hann býr í vellystingum með eiginkonu sinni til hundrað og fjörutíu ára á Jöruvöllum og er sex barna faðir, afi sautján barnabarna og langafi fimmtíu og þriggja barnabarnabarna. Heftifili geymir eggid ennþá, hann hefur það á stalli fyrir framan eldstæðið.“

Nýráður leit yfir hópinn og sá að athygli hirðmannanna var farin að dvína. Hátindi veislunnar var greinilega náð, því fólkid var farið að tínast út hvert af öðru. Nýráður gat varla áfellt það – hann var sjálfur farinn að þreytast. Þetta hafði verið viðburðaríkur dagur, sem var skemmtileg tilbreyting eftir tveggja vikna gönguferð, en núna var fátt að gera annað en að bíða eftir úrskurði Níðaðar.

Nýráður stóð upp frá borðinu. „Takk fyrir mig. Mál að halda upp á herbergi!“

Vonandi skemmtir Skögul sér vel, hugsaði hann þegar hann gekk út í mannlausan húsagarðinn. Nýráði hafði ekki litist sérlega vel á Böðvildi en honum hefði fundist rangt að banna Skögul að blanda

geði við jafnöldru sína. Hann vissi að Skögul átti ekki marga vini heima í Svarinshaugi en hann ætlaðist heldur ekki til þess að hún byggji innan um dverga til eilífðarnóns. Hann áætlaði að gullið frá Níðuði yrði nóg til að koma fótum undir hana þegar að því kæmi að hún flyttist brott til sinna eigin líka.

Nýráður hökti óhindraður aftur í herbergið sitt og kastaði sér á umbúið rúmið. Hann var við það að sofna þegar hann kom auga á einhvern aðskotahlut.

Eitthvað blágrátt, örlítið skítugt og óþægilega kunnuglegt hafði verið neglt við rekkjuna. Nýráður spratt upp og teygði sig skjálfhentur í hlutinn. Hjartað hamaðist í brjósti hans þegar hann sá hvað þetta var: Þjatla úr fötum Sköglar.

Nýráður hélt þjötlnunni fyrir framan sig. Hvernig hafði þetta komist inn í herbergið hans? Var þetta kannski hrekkur? Skögul gerði aldrei neitt slíkt af eigin frumkvæði en kannski hafði kóngsdóttirin manað hana til þess.

Nýráður sneri þjötlnunni í höndum sér og sá að eitthvað var skrifað aftan á hana. Eða kannski var það bara ímyndun? Nei, þarna voru greinilega hripaðar einhverjar rúnir. Nýráður breiddi þjötlnuna yfir rúmið og rýndi á hana.

Á henni stóð:

*Þér hefnist fyrir að blanda þér í það sem þér
kemur ekki við, gamla fuglahræða
Ef þú vilt að hjálparhellan þín haldi heilsu
skaltu hitta mig í hlíðunum austan við borgina fyrir sólsetur
og hypja þig svo burt
Og ekki láta þér detta í hug að tala við varðliðið
ef þú vilt sjá hana aftur á lífi!*

Hjarta Nýráðs hætti næstum því að slá. Hann lyppaðist niður á rúmið og hélt dauðahaldi um þjötlu. Hvað hafði hann verið að hugsa? Hvað hafði hann verið að hugsa þegar hann leyfði Skögul að fara burt með Böðvildi? Hvað hafði hann verið að hugsa þegar hann ögraði Nóra með sverðinu sínu og hvað hafði hann yfirleitt verið að hugsa með því að taka Skögul með sér í þessa ferð? Hann hafði mátt vita að eitthverjar hættur biðu þeirra.

Á sama tíma fylltist Nýráður viðbjóði á Nóra. Hann vissi að Nóri þoldi hann ekki en Skögul hafði ekki gert Nóra neitt. Það hafði aldrei hvarflað að Nýráði að dvergskömmin legðist svona lágt.

Nýráður fór ósjálfrátt að kroppa í myglusveppina á enni sér, sem var vanalega merki um að hann væri annaðhvort í miklu uppnámi eða djúpt hugsi. Núna var hann hvort tveggja.

Það er ekkert annað að gera en að fara að óskum hans, hugsaði Nýráður. Öll ferðin yrði þá til einskis en það ætti líka við ef Skögul dæi.

Skögul vaknaði í niðamyrkri. Hún leit upp og deplaði augunum en sá ekkert nema kolsvart myrkrið.

„Böðvildur?“ kallaði hún en fékk ekkert svar. Skögul mundi seinast eftir sér á turnþakinu með Böðvildi en hvað hafði gerst eftir það? Hún nuddaði hnakkann á sér og fann fyrir dúndrandi höfuðverk. Einhver hafði slegið hana og farið með hana hingað. Hvert sem „hingað“ var nú.

Skögul stóð upp og hrasaði samstundis um eitthvað á gólfinu, fötu að því er virtist. Hún stóð upp með erfiðismunum og gekk umsvifalaust á vegg. Hún þreifaði sig áfram eftir veggnum þar til hún fann fyrir hurð. Þetta voru sams konar eikardyr og lágu að

herberginu sem hún hafði sofið í nóttina áður. Skögul reyndi að opna þær en dyrnar voru rammlæstar.

„Hvað gengur á?“ kallaði hún og barði á hurðina. „Er einhver hérna? Hvar er ég?“

Enginn svaraði. Skögul lagði eyrað upp að hurðinni en heyrði ekki aukatekið orð.

Augu hennar voru farin að venjast myrkrinu. Hún gerði sér grein fyrir því að hún var í litlum klefa en ekkert var þarna inni annað en rúmið sem hún hafði vaknað í og nokkrar fötur á gólfinu. Skögul svipaðist um eftir öðrum útgangi en fann engan. Hún reyndi að finna lykil að hurðinni með því að þreifa á gólfinu undir rúminu, en án árangurs. Þá svipaðist hún eftir einhverju til að brjóta hurðina niður en aftur fann hún ekkert.

Var það ætlun þess sem hafði lokað hana þarna inni að svelta hana til bana? Hún byrjaði að arka í hringi á gólfinu en hætti þegar hún áttaði sig á því hvað klefinn var lítill. Þess í stað hnipraði hún sig saman í rúminu og hlustaði á þögnina.

Einhver hlýtur að hleypa mér út fyrr eða síðar, hugsaði hún. Hver gæti svo sem grætt á að halda mér hérna?

Skögul vissi ekki hversu lengi hún sat þarna í myrkrinu en eftir langa og ógnvænlega þögn heyrði hún fótatak fyrir utan klefann. Hún spratt upp af rúminu og barði á hurðina eins og brjálæðingur.

„HLEYPID MÉR ÚT!“ öskraði Skögul. „HVER ER ÞARNA?! ÉG ER LOKUÐ HÉR INNI!“

Fótatakið hljóðnaði. Merkti það að eigandi þess var farinn eða að hann hefði stansað? Skögul byrjaði aftur að berja á hurðina. „EKKI FARA!“ æpti hún eins hátt og hún gat. Hún lagði eyrað að hurðinni en heyrði ekkert.

Skyndilega heyrðist skjáf í lykklum og dyrnar opnuðust. Hjartað í Skögul tók kipp af létti. Þegar dyrnar opnuðust blindaðist hún sem snöggvast af bjarmanum fyrir utan klefann.

„Gott kvöld, Skögul,“ sagði kunnugleg rödd.

Skögul pírði augun og bar kennsl á hvassar augabrúnirnar, blá augun, loðfeldinn og gullsyngjuna. „Yðar hátign!“ hrópaði hún upp fyrir sig.

„Ég skil það vel að þú sért ringluð,“ sagði Níðuður og gekk inn í klefann ásamt Regin, sem hélt á kyndli. „Ertu svöng? Mér sýndist þú ekki taka sérlega hressilega til matar þíns í veislunni.“ Níðuður settist á rúmið og dró fram poka af döðlum sem hann rétti Skögul.

„Hvað er ég búin að vera hér inni lengi?“ spurði Skögul án þess að snerta döðlurnar.

„Bara eyktarfjórðung eða svo,“ sagði Níðuður og brosti vingjarnlega. „Döðlurnar eru ekki eittraðar,“ bætti hann við þegar Skögul gerði sig ekki líklega til að borða þær. Hann teygði sig í pokann og tók sér handfylli af döðlum sem hann át svo með bestu lyst.

„Fyrirgefið spurninguna, yðar hágöfgi,“ sagði Skögul og reyndi að vera kurteis þrátt fyrir geðshræringuna, „en hvers vegna var ég lokuð hér inni? Veit faðir minn hvar ég er?“

Níðuður beið með að svara á meðan hann tuggði döðlurnar.

„Faðir þinn er farinn úr borginni,“ sagði hann svo alvarlegur á svip. „Ég get því miður ekki leyft þér að sjá hann aftur.“

„Ha?!“ spurði Skögul hátt. „Hvað meinið þér?“

„Það er óvíst – reyndar ólíklegt að mínu mati – að Nýráður lifi kvöldið af. En hvernig sem fer þarft þú ekkert að óttast. Ég mun finna nýja foreldra handa þér. Ég mun koma þér fyrir hjá einhverri góðri *mannafjölskyldu*.“

Skögul gerði heiðarlega tilraun til þess að melta þessar upplýsingar en gafst nær samstundis upp. „Hvað eruð þér eiginlega að tala um?!“ spurði hún skrákróma og leit til skiptis á Níðuð og Regin.

„Nýráður er lagður af stað til fundar við Nóra,“ sagði Níðuður án þess að bregða svip. „Nóri á eftir að skora á hann í einvígi og annar þeirra á eftir að deyja.“

„Hvað þá?“ hrópaði Skögul forviða. „Við verðum að stöðva þá!“ Skögul ætlaði að æða út um dyrnar en Reginn greip fast um hana og ýtti henni til baka.

„Þú átt skilið útskýringu,“ sagði Níðuður. „Kannski ættir þú að setjast.“

Áður en Skögul fékk tækifæri til að óhlýðnast greip Reginn aftur um hana og neyddi hana til að setjast við hlið Níðaðar.

„Sjáðu til,“ sagði Níðuður sallarólegur, „þegar Völundur var í þjónustu hjá mér komst ég að ýmsu um það hvernig galdrar hulduvera virka. Vísast veistu hvernig dvergar vernda eigur sínar?“

„Þeir sem stela frá þeim verða fyrir bölvun,“ svaraði Skögul skjálfradda.

„Einmitt,“ sagði Níðuður og kinkaði kalli, „en þessum göldrum fylgja reglur. Þeir bíta á þá sem eiga stolnar dvergaeignir í fórum sínum, hvort sem þeir stálu þeim sjálfir eða ekki. Þeir bíta á þá sem myrða dverga og taka eigur þeirra. En hvað ef tveir dvergar drepa hvor annan? Hvað ef einhver á þá leið hjá sem hirðir bara eigandalausa muni upp af jörðinni?“

Níðuður leit á Skögul eins og til að fullvissa sig um að hún væri að hlusta og hélt svo áfram: „Þegar faðir minn var enn á lífi sagði hann mér margt um Nýráð, þar á meðal að helsti og verstí keppinautur hans væri Nóri frá Aurvöngum. Ég vissi því hvaða tveimur dvergum ég þyrfti að bjóða hingað.“

Skögul fylltist skelfingu. Hún var farin að skilja hvað Níðuður var að fara.

„Nýráður heldur að Nóri hafi rænt þér til að bola honum burt héðan. Hvað Nóra varðar var auðvelt að etja honum á móti Nýráði – hann varð trítílóður strax og hann sá Nýráð hérna en til öryggis

mútaði ég Vigur til að telja hann á að skora Nýráð á hólm. Hvað sem því líður hafa Nóri og Nýráður núna ástæðu til þess að berjast upp á líf og dauða og hvernig sem einvígið fer mun ég geta hirt sverð annars þeirra án þess að greiða fyrir það.“

Skögul skildi þetta en vildi ekki trúá því. En hvað annað gat hún svo sem gert? Auðvitað hafði það ekki verið tilviljun að bæði Nóra og Nýráði var boðið þangað. Auðvitað var ástæða fyrir því að Níðuður hafði viljað taka á móti þeim á sama tíma.

Skögul leit í átt að dyrunum. Kannski kæmist hún undan ef hún sprytti á fætur og hlypi út. Þá gæti hún náð Nýráði og komið í veg fyrir að hann berðist við Nóra. Já, það var lóðið! Skögul gjóaði kófsveitt augunum á milli Níðaðar og Regins og bjó sig undir að stökkva burt.

Nei, hugsaði hún. Þetta var vonlaus hugmynd. Reginn gripi hana bara aftur. Jafnvel þótt hún kæmist út úr klefanum rataði hún ekki út og vissi ekki hvar Nýráður var. Hún kæmist hvergi.

Skögul fann fyrir tárur í augnkrókum sínum en vildi ekki gera Níðuði það til geðs að gráta. „Þér senduð Böðvildi til þess að lokka mig burt,“ sagði hún lágt. Hún varð skyndilega reið sjálfri sér. Auðvitað hafði Böðvildur ekki ákveðið að blanda geði við hana af ástæðulausu. Hana hefði átt að gruna eitthvað þegar Böðvildur bauð henni í „skoðunarferð“ um borgina. Jafningjar hennar yrðu nær aldrei á hana og hún hafði samt trúað því að *konungsdóttir* vildi kynnast henni.

„Ég kom því vissulega í kring,“ sagði Níðuður sakleysislega, „en sagði henni að vísu ekkert um áætlunina. Böðvildur hefur alltof mikla samkennd með þessu svartálfahyski ... þótt þeir hafi leikið hana grárna en nokkurn annan.“

Níðuður varð alvarlegri á svipinn. „Þú ert greind stúlka, Skögul. Langar þig ekki að vita hvers vegna ég er að segja þér þetta allt?“

Skögul þagði. Hún hafði reyndar ekkert velt því fyrir sér, en

miðað við það sem á undan var komið efaðist hún um að ástæðan væri skemmtileg.

„Sjáðu til, Nóri á enga erfingja. Ef hann tapar einvíginu get ég hirt sverð hans án nokkurra eftirmála. Nýráður lítur hins vegar á þig sem erfingja sinn. Ef hann er drepinn í einvíginu munu galdrarnir sem hvíla á sverðinu líta á þig sem nýja eigandann og koma í veg fyrir að ég eignist það vandræðalaust.“

Nú var Skögul viss um að ástæðan væri ekki skemmtileg.

Níðuður strauk Skögul um hárið og vangann. „Alla jafna þyrfti ég að beita ofbeldi til að ryðja öllum erfingjum úr vegi, en þú ert heppin – þú ert ekki raunveruleg dóttir Nýráðs. Það eru aðeins orðin tóm sem gera þig að erfingja hans. Afneitir þú honum sem föður þínum er þér borgið. Það er þetta sem ég vil að þú gerir.“

Skögul hlustaði á Níðuð og fann óttann víkja fyrir tilfinningu sem hún hafði aldrei fundið fyrir áður: Ofsafengnu, brennandi hatri.

„Ég geri þetta *aldrei!*“ hvæsti hún og sló hönd hans frá sér. Henni var sama þótt Níðuður hefði hana algerlega á valdi sínu. Hún myndi aldrei ganga að þessu.

Níðuður hleypti brúnum. „Vertu nú skynsöm, Skögul. Ég býð þér mun betra líf en þú hefur átt með Nýráði. Mannfólk við Svarinshaug hefur ekki átt sjö dagana sæla frá því að Granmar konungur var drepinn. Nýturðu þess virkilega að búa þar, umkringd dvergum? Hefur þú einhvern til að tala við?“

Níðuður stóð upp og hækkaði róminn: „Ef þú gerir það sem ég bað þig um lofa ég að koma þér fyrir hjá góðri fjölskyldu! Þú gætir eignast systkini, leikfélaga, verið umkringd þjónum og einhvern tímann gætir þú kannski gifst riddara í minni þjónustu! Þú þarft aðeins að nefna það og þá mun ég sjá til þess að þú þurfir aldrei framar að líta framan í dverg!“

Nú var Skögul nóg boðið. „Hvers vegna ætti ég ekki að vilja

það?!" hreytti hún út úr sér. „Nýráður er dvergur og hann bjargaði lífi mínu þegar foreldrar mínir báru mig út! Það er *hann* sem er faðir minn!“

Níðuður hristi höfuðið, dapur á svip. „Þér er þá ekki viðbjargandi,“ sagði hann lágt. „Þú ert jafnslæm og þeir.“

„Jafnslæm og þeir?“ spurði Skögul reiðilega. „Nýráður og Nóri hafa ekki gert þér neitt! Það ert þú sem ert lygari og morðingi!“

Skyndilega breyttist allt í fari Níðaðar. Það var eins og grímu væri svipt af honum og allt annar maður stæði skyndilega fyrir framan Skögul. Öll vinsemdin, allt rólyndið og konunglegt fas Níðaðar hvarf og þess í stað skein ekkert annað en heift úr andliti hans. Skögul reyndi að kyngja kekkinum í hálsi sér. Var hún fyrst núna að sjá hinn raunverulega Níðuð?

„Viltu vita hvað morðingi er?!“ fnæsti Níðuður. „Völundur drap syni mína! Hann drap þá og sendi mér bikara úr höfuðkúpum þeirra! Konan mín dó úr harmi þegar hann sendi henni skartgripni úr augum þeirra! Og það sem hann gerði Böðvildi var *enn verra!*“

Skögul virti Níðuð fyrir sér skelfingu lostin. Hann minnti hana meira á trylltan hund en konunginn sem hafði skálað fyrir Nýráði fyrr um daginn.

„Fyrr drep ég þessa viðbjóðslegu dverga en að gefa þeim gull,“ sagði Níðuður og nötraði af bræði. „Og þegar ég hef eignast nýtt sverð kemur röðin að Völundi!“

Níðuður sneri sér að Regin, sem stóð enn fyrir framan dyrnar og lokaði leiðinni út. „Reginn, réttu mér sverðið þitt!“

Regin varð bylt við. „En herra, hún er bara ...“

„*Sverðið!*“ gelti konungurinn framan í Regin. „Ég gaf henni tækifæri! Hún getur kennt sinni eigin þrjósku um að þetta þurfi að fara svona!“

Reginn hikaði lengi en dró að lokum fram sverð úr slíðri sínu og rétti Níðuði það.

Nei, hugsaði Skögul. Þetta gat ekki verið að gerast. Hún hörfaði upp að veggnum og svipaðist í örvæntingu um eftir undankomuleið en Reginn lokaði eina útganginum.

Níðuður nálgast hana og mundaði sverðið. Skögul þrýsti sér upp að veggnum og skimaði tryllingslega til hliðanna. *Ég hlýt að geta gert eitthvað!* hugsaði hún. Hjartað hamaðist í brjósti hennar. Þetta má ekki enda svona.

Þá sá hún það: Reginn hafði fært sig nokkur skref frá dyragættinni og hún gat næstum svarið að hann kinkaði kolli til hennar eins og til að segja henni að flýja. Skögul spratt strax upp, steypiti sér fram og greip þéttingstaki um fæturna á Níðuði. Níðuður rak upp undrunaróp, riðaði og féll svo kylliflatur fram fyrir sig á gólfið.

Skögul tók á rás út um opnar dyrnar án þess að líta aftur fyrir sig. Hún varð að finna leiðina út og finna svo Nýráð. Síðan gætu þau flúið til Svarinshaugs og þyrftu aldrei að koma aftur til Næríkis. Skögul hljóp eftir dimmum göngunum og vissi að hún hlaut að vera einhvers staðar í dýflissu fyrir neðan borgina. *Tröppur*, hugsaði hún móð og másandi. *Ég verð að finna tröppur.*

Hún heyrði einhvern veita sér eftirför en þorði ekki fyrir neina muni að líta til baka og sjá hversu mikið forskot hún hafði.

Loksins kom hún auga á tröppur. Kannski var það aðeins óskhyggja en henni sýndist dauft ljós skína í gegnum dyragættina fyrir ofan þær. *Ég á eftir að sleppa*, hugsaði hún og hló. Hún jók hraðann og komst næstum því upp að tröppunum.

Næstum því.

Þegar Skögul var við að stíga fyrsta skrefið upp tröppurnar fann hún hryllilegan sting í bakinu. Hún tók andköf en gat ekki komið upp öskri – þetta var mun verri sársauki en hún hafði nokkurn tímann búist við að finna fyrir á ævinni.

„Heimska stúlkukind,“ heyrði hún Níðuð muldra á bak við sig. Skögul leit niður og tókst með naumindum að sjá blóðugan

sverðsoddinn sem skagaði út úr bringu hennar áður en allt sortnaði.

Örlaganornirnar geta verið með ólíkindum duttlungafullar. Suma drepa þær strax í fæðingu, öðrum gefa þær líf fram á tíræðisaldur. Allt er þetta óháð dáð og dug – Skögul taldi sig til dæmis alls ekki eiga skilið að deyja á fjórtánda aldursárinu.

En þarna dó hún samt.

Mig minnti ekki að þessi poki væri svona þungur, hugsaði Nýráður á meðan hann rogaðist með pokann með sverði sínu í átt að borgarhliðinu. Ég hefði ekki átt að láta Skögul bera hann svona lengi. Hún hlýtur að hafa verið örmagna þegar við komum hingað.

„Ert þú á förum?“ spurði einn varðanna við hliðið.

„Mér sýndist ég sjá klasa af baldursbrám hérna í hliðunum,“ flýtti Nýráður sér að segja eins sakleysislega og hann gat. „Mér datt í hug að nota þær til að lifga upp á hellinn minn í Svarinshaugi.“

„Mér skilst að kóngurinn ætli ekki að velja sverð fyrr en í kvöld,“ sagði vörðurinn hryssingslega. „Ef ég væri þú færi ég ekki að flækjast út fyrir borgarmúrana núna.“

„Og mér skilst að ég sé gestur hér í borginni, ekki fangi,“ svaraði Nýráður ísköldum rómi. „Ef ég væri þú myndi ég ekki abbast upp á gesti konungsins, sérstaklega ekki ef það gæti eyðilagt sverðakaup fyrir honum.“

Þetta nægði. Vörðurinn steig til hliðar og hleypti Nýráði gegnum hliðið.

Ég vona að það fari ekki að rigna, hugsaði Nýráður, því óveðursskýin hrönnuðust upp á himninum.

Það skiptir ekki máli. Það eina sem skiptir máli núna er að bjarga Skögul.

Nýráður haltraði út af veginum og stefndi í átt að hlíðunum austan við borgina. Þarna var nóg af baldursbrám en hvorki bólaði á Skögul né Nóra.

„Nóri! Ég er kominn! Ég hef mig á brott strax og þú lætur Skögul lausa!“

Ekkert svar. Regndropar byrjuðu að drjúpa á höfuð hans.

Nýráður gekk lengra yfir grösugar hlíðirnar og svipaðist um. Var Nóri kannski alls ekki þarna? Var hann bara að reyna að sóa tíma hans? *Nei*. Nóri var ekki dvergur af því tagi sem gat spilað svona auðveldlega með fólk. Hann var dvergur sem skók hnefana og hreytti fúkyrðum og illindum að fólk.

„HÉR ER ÉG, SKÍTUGI SKEGGAPINN ÞINN!“

Nýráður leit við og sá þar Nóra í öllu sínu veldi. Hann stóð sigri hrósandi í beði af baldursbrám með gullið sverðið á lofti og græna skikkjuna flaksandi í vindinum.

„Hvar er Skögul?“ spurði Nýráður og nálgaðist Nóra ákveðinn á svip.

„Gleymdu henni,“ svaraði Nóri með lymskulegt glott á vör. „Þetta er á milli okkar tveggja.“

Nýráður hnyklaði brýnnar á meðan rigningin færðist í aukana. Eins og staðan var fannst honum þetta einmitt *ekki* aðeins vera á milli þeirra tveggja. „Heyrðir þú ekki í mér, Nóri?“ spurði hann reiðilega. „Ég fer burt strax og þú skilar mér dóttur minni!“

Nóri glotti sínu breiðasta og hristi höfuðið. „Svo auðveldlega sleppur þú ekki,“ sagði hann og otaði sverðinu að Nýráði. „Ég er búinn að fá nóg af því að þú skjótir upp þessum sveppasýkta kalli þínum og eyðileggir allt í hvert sinn sem ég á eitthvað gott í vændum! Þetta er í síðasta sinn sem það gerist.“

Nýráður virti sturlað andlitið á Nóra fyrir sér. Hvenær hafði hann eyðilagt nokkurn skapaðan hlut fyrir honum? Hann mundi

aðeins eftir því að þeir Nóri hefðu keppt um viðskipti fjórum eða fimm sinnum og það hafði verið löngu eftir að Nýráður skildi við móður hans. *Tók hann þetta allt svona nærri sér?*

Og það sem meira er, hvaða máli skiptir það?

Engu!

„Ég ber mikla virðingu fyrir móður þinni, Nóri,“ sagði Nýráður rólega „en ef þú segir mér ekki hvar Skögul er sýni ég þér enga vægð.“

„EKKI BLANDA MÖMMU Í ÞETTA!“ öskraði Nóri og hjó fram fyrir sig að Nýráði. Nýráður rétt náði að bera sitt eigið sverð fyrir sig til að forðast að Nóri klyfi hann í herðar niður.

Þegar sverðin skullu saman heyrðist skerandi hvellur og gylltir og fjólubláir neistar flugu til himins. Ef afar jarðbundinn maður hefði átt leið framhjá hefði honum eflaust tekist að finna eðlilega skýringu á neistafluginu í fjarska – þetta gátu til dæmis verið lágfleyg norðurljós eða seinbúin eftirköst sumarhitans í fyrra. Eðlilega, en ekki góða.

Það rann fljótt upp fyrir Nýráði að hvorugur þeirra var sérlega fær í skyldingum. Nóri sveiflaði sverðinu fram og aftur án nokkurrar hnitmiðunar en Nýráður fór næstum úr axlarlið um leið og sverðin skullu saman. *Við erum báðir vanari því að smíða sverð en að nota þau.*

Nýráður var vissulega með sterkara sverðið en Nóri var yngri, hraustari og sneggri. Hvert högg sem Nýráður varði ýtti honum nokkur skref aftur á bak og brátt blindaði neistaflugið hann næstum því. Þegar allt var farið í móðu hörfaði hann til að ná andanum og sá Nóra gera slíkt hið sama.

„Þú ættir að skammast þín, Nóri,“ sagði Nýráður og þurrkaði svita af enninu. „Skögul er bara þrettán ára. Aldrei datt mér í hug að þú legðist svo lágt að ...“

„Reyndu ekki að setja þig á háan hest!“ urraði Nóri. „Þú stóðst

ekki mátið. Þú hefðir getað lifað í makindum það sem þú áttir eftir ólifað en þú VARÐST að njóta hyllinnar einu sinni að lokum! Það er eina ástæðan fyrir því að þú komst hingað! Viðurkenndu það! Þú kallaðir þetta yfir þig sjálfur!“

„Það er ekki satt,“ vildi Nýráður segja, en til hvers að reyna að tala um fyrir Nóra? Hann efaðist um að hann myndi hlusta, hvað þá skipta um skoðun. Jafnvel þótt hann útskýrði fyrir Nóra að hann hefði komið í þágu Sköglar ætti Nóri bara eftir að finna sér einhverja aðra ástæðu til þess að hata hann.

Þess í stað stökk Nýráður fram og hjó af öllu afli að vinstri fætinum á Nóra. Nóra var bylt við en tókst með naumindum að bera sverð sitt fyrir sig.

Svitadropar spruttu fram á milli myglusveppanna á enni Nýráðs er honum var hrundið aftur. Þetta áhlaup hafði reynt mun meira á hann en Nóra. Nóri gerði sér bersýnilega grein fyrir því og glotti háðslega er hann mundaði sverðið.

„Þú tapar,“ sagði hann einfaldlega og hjó leiftursnöggt að hægri fætinum á Nýráði. Nýráður reyndi að verja sig en var andartaki of seinn.

Ef Nóri hefði beint sverðinu ögn betur hefði farið eins fyrir fótleggnum á Nýráði og steðjanum sem Nóri hafði notað í sýnikennslunni. Nýráður rak upp vein og riðaði í nokkur löng andartök en hrundi svo aftur fyrir sig og valt niður hlíðina eins og felldur trjábólur.

Hann vissi næst af sér með andlitið ofan í polli og skerandi sársauka í fætinum. *Hvar er sverðið mitt?* Hann þreifaði óttasleginn fram fyrir sig og létti stórum þegar hann fann það ofan í pollinum.

Hann reyndi að standa upp, en strax og hann steig í hægri fótinn fóru sársaukabylgjur um allan líkama hans. Nýráður tók á sig rögg og leit á höggvárið: Þvert yfir fótlegginn lá breiður og djúpur skurður og blóð vall úr honum niður í grasið. *Ef ég lifi þetta af á*

stafurinn ekki eftir að duga mér, hugsaði hann. Ég á eftir að þurfa hækjur.

Nýráður dró andann djúpt og neyddi sjálfan sig til að stíga í fæturna. Sársaukinn í hægri fæti var næstum óbærilegur og vinstri fóturinn var lítið skárri. *Ég verð að gera þetta*, sagði hann sjálfum sér. *Hvað verður annars um Skögul?*

Hann steig eitt skref fram fyrir sig og hélt dauðahaldi í sverðið. Annað skrefið var erfiðara en honum tókst það samt. Í þriðja skrefinu byrjuðu hnén hans að skjálfa óstjórnlega og blóð spýttist úr sárinu. Fjórdi skrefið var varla hægt að kalla skref – Nýráði rétt tókst að lyfta vinstri fætinum áður en sviðinn bugaði hann.

Nýráður féll niður á kné sér. Í fyrsta sinn fann hann fyrir fullkomnu vonleysi – hvernig átti hann að sigra Nóra ef hann gat ekki einu sinni staðið í fæturna?

Í eitt augnablik var honum næstum því létt. *Þetta var gott líf. Kannski er betra að deyja svona en að visna upp fyrir framan arineldinn eftir nokkur ár ... og hver veit? Fyrst ég dey á vígvellinum verða kannski einhver not fyrir mig í Valhöll ...*

Einhvers staðar í fjarska hló Nóri. *Hann er að koma*, hugsaði Nýráður og lokaði augunum.

Nei! Hvað er ég að hugsa? Hann mátti ekki deyja. Nýráður opnaði augun og kreppti lófana utan um sverðið sitt. *Hvað yrði um Skögul án hans?*

Aðstoðarmenn Nóra hljóta að vera með hana. Ef ég kemst burt hédan og finn þau áður en Nóri snýr aftur í borgina get ég ennþá bjargað henni.

Nýráður bældi niður alla bardagafýsn og kom sér niður á fjóra fætur. Hann vafði grárri skikkjunni um fótinn til að stöðva blæðinguna og hökti svo áfram með sverðið eitt til stuðnings. Nóri hélt áfram að hlæja í fjarska en Nýráður tók eftir því að hláturinn var orðinn ögn þvingaður. *Hann er búinn að týna mér.*

Nýráður hökti áfram með það eitt í huga að hrista Nóra af sér. Rigningin hafði færst í aukana og vindurinn yfirgnæfði öll önnur hljóð. Ískaldir regndropar buldu framan á Nýráði úr nýrri átt með hverri vindhviðu og munaði minnstu að honum yrði feykt um koll. Brátt var orðið svo dimmt að hann gerði sér hvorki grein fyrir hvaðan hann hafði komið né hvert hann stefndi.

Þetta minnti Nýráð óhugnanlega á atvik eitt á bernskuárum þeirra Heftifila. Þá höfðu þeir gleymt hvað tímanum leið eftir langan leikdag í dalnum og að lokum höfðu þeir villst úti í miðri blindhríð. Faðir Heftifila hafði rétt fundið þá í tæka tíð og borið þá rænulausa og gaddfreðna inn í hellinn sinn. Á meðan þeir þiðnuðu fyrir framan arineldinn hafði hann svo húðskammað þá fyrir að hætta sér út í óveðrið og látið þá lofa að endurtaka það aldrei.

Pabbi Heftifila bjargaði okkur þá en hver bjargar mér núna?

Nýráður hnipraði sig saman undir nálægri þúfu. Hann vafði blóðugri skikkjunni utan af fætinum á sér og leit aftur á skurðinn – hann var farinn að blána og bóligna upp.

Ekkert lát var á ofsaveðrinu. Ískalt regnið skall vægðarlaust á Nýráði þar til hörund hans dofnaði og vætan byrgði honum sýn. Hann var örmagna.

„Fyrirgefðu mér, Skögul,“ muldraði hann.

Hinsta sýn hans var dökkbrúnn sveppaklasi í grasinu.

Slöttbleklar?

„Hann hvarf!“ urraði Nóri. Hann hafði ekki séð Nýráð síðan hann hrasaði niður hlíðina fyrir óratíma síðan. Hafði Nýráði tekist að snúa á hann? Blóðslóðin neðan við hlíðina lá lengra í burt frá borgarvirkinu en hún hvarf einfaldlega eftir nokkur fet.

„Ef hann fór í þessa átt er hann dauðans matur,“ sagði Virfir dapurlega og benti á óveðursskýin. „Hann kemst ekki langt í þessu veðri, húsbóndi.“

„Þegiðu, Virfir. Ég er að reyna að hugsa,“ sagði Nóri gremjulega. Virfir hafði rétt fyrir sér – Nýráður gat tæpast gengið eftir seinasta höggið. Ef hann hafði hætt sér út í buskann í lörfunum einum var veðrið sennilega búíð að ganga af honum dauðum núna.

Ágætt, hugsaði Nóri með sjálfum sér. Ef einhver finnur líkið getur enginn tengt það við mig. Hann flæktist burt í einhverju sérviskukasti og varð svo úti. Þetta var bara sly.

Samt fann Nóri fyrir vonbrigðum. Hann hefði helst viljað veita Nýráði lokahöggið sjálfur. Það var erfitt að sætta sig við tilhugsunina um að gamli bragðarefurinn hefði orðið úti.

„Ég fer ekki héðan fyrr en við finnum líkið,“ sagði Nóri þrjóskulega. „Hvað gerðuð þið við stelpuna?“ *Ef karlskröggurinn komst undan hlýtur hann að leita hennar ...*

„Vigur ætlaði að gæta hennar,“ svaraði Virfir.

„Ágætt,“ tautaði Nóri. Vigur var örlítið skarpari en bróðir hans. Hann hlaut að geta haft auga með stelpunni á meðan þeir Virfir leituðu að húsbónda hennar. Nóri vildi ekki meiða hana meira en nauðsynlegt var – henni yrði sleppt einhvers staðar langt í burtu frá borginni eftir að viðskiptunum við Níðuð lyki.

Nýráður átti hvort sem er ekki skilið að vinna. Hann hafði ósanngjarnt forskot! Ekki var ég fæddur þegar regnbogabrúin var byggð ... aldrei hefði ég komist yfir bút úr henni! Fyrir utan efniviðinn var sverð Nóra líka einfaldlega mun betri smíðisgripur. Enginn hefði veitt sverðinu hans Nýráðs neina eftirtekt ef það hefði verið úr öðru en fjólubláu ljósi. Sverðið hans Nóra var hins vegar tígulegasta vopn sem hægt var að hugsa sér!

Auk þess kemst maður skammt á góðu sverði án þess að kunna neitt í skylmingum, hugsaði Nóri stoltur og renndi augum yfir

listilegt handbragðið. *Það er næstum leitt að selja Niðuði það ...*

Skyndilega staðnæmdust augu Nóra á sverðinu. *Þetta er ómögulegt!* hugsaði hann og greip andann á lofti.

Samt hafði þetta einhvern veginn gerst: Á miðju sverðinu var sprunga. Þetta var bara lítil sprunga sem auðvelt var að sjást yfir, en engu að síður sprunga.

Þetta er í lagi. Ég get lagað þetta, hugsaði Nóri og þurrkaði svita af enni sér. Hann yrði bara að snúa aftur til borgarinnar til þess að gera það.

„Virfir!“ æpti Nóri. „Breytt áætlun! Vertu hér og leitaðu að Nýráði! Ég þarf að sinna áriðandi erindi í borginni!“

Virfi gafst hvorki tækifæri til að mótmæla né biðja um útskýringu áður en Nóri strunsaði burt í átt að borginni. *Þetta er allt Nýráði að kenna!* hugsaði hann æstur. *Ef mér tekst ekki að laga þetta verð ég að aðhlátursefni, allt út af honum!*

„Er járnsmiðja hér í höllinni?“ spurði Nóri fyrstu sjáanlegu verðina við borgarmúrinn. „Þetta er neyðartilfelli!“

Í stað þess að svara yggldu verðirnir sig eins og hann hefði vanvirt mæður þeirra. „Hvað?“ spurði Nóri ópolinmóður. „Ég spurði hvort það væri járnsmiðja hér ei ...“

„Grípið hann!“ hrópaði foringinn. Áður en Nóri gat sagt „Hvað í Surts nafni eruð þið að gera, fíflin ykkar?!“ óðu fjórir riddarar á hann og gripu hann höndum og fótum.

„Sleppið mér, afstyrmin ykkar! Þetta er hneyksli! SLEPPIÐ MÉR! Vitið þið ekki hver ég er?“ öskraði Nóri á meðan verðirnir báru hann á milli sín að langhúsi konungsins. Nóri spriklaði eins og fiskur á þurru landi en gat hvorki losað legg né lið.

„ÞIÐ MUNIÐ SJÁ EFTIR ÞESSU! ÉG ER NÓRI!!! ÉG Á VINI Á ÆÐSTU STÖÐUM!!!“ Þegar enginn varðanna hafði fyrir að svara hætti Nóri að ómaka sig við að mynda raunveruleg orð og hóf þess í stað að orga eins og vannært smábarn.

Að lokum var Nóri borinn inn í viðhafnarsalinn og honum fleygt á gólfið. Hann heyrði klið fara um salinn þegar hann kom inn og fann öll augu í salnum hvíla á sér. Andlit hans tók á sig sótrauðan lit þegar hann sá Níðuð í hásætinu ásamt kjökrandi dóttur sinni.

„Mér hefur aldrei á ævinni verið misboðið svona!“ frussaði Nóri út úr sér. „Hvað á þessi framkoma að þýða, *yðar hátign?*!“

„Hættu þessum leikaraskap, Nóri,“ sagði Níðuður grafalvarlegur á svip. „Vigur sagði okkur allt. Við vitum hvað þú gerðir.“

Nóri kyngdi munnfylli af slefi þegar hann kom auga á Vigur við hlið hásætisins. *Vigur, svikari?* hugsaði hann með blöndu af ótta, vantrú og reiði. *Hvernig dirfist hann?! Eftir allt sem ég hef gert fyrir hann!*

„Ég veit ekki hvað þér meinið, *yðar hágöfgi*,“ sagði Nóri og bældi niður löngun til að hækka róminn. *Ekki roðna núna*, sagði hann sjálfum sér og sótroðnaði. „Ég gerði ekki neitt.“

„Ekki það?“ sagði Níðuður. „Hrökk þessi unga stúlka þá einfaldlega upp af af sjálfsdáðum?“ Níðuður kinkaði kollinum að legubekk vinstra megin við hásætið. Á honum lá kunnugleg stúlka með ljóst hár og langa fléttu. Hún var dáin.

Nóri vissi varla hvað sneri upp og hvað niður þegar hann sá þetta. Þetta var greinilega Skögul, en hver hafði gert þetta? Hvað hafði farið svona herfilega úrskaiðis? „É-é-ég veit ekki hvað ...“ byrjaði hann en missti þráðinn algerlega eftir það. *Hvað gengur eiginlega á?!* Sviti fossaði af enninu á honum og hné hans skullu svo ákaft saman að glamrið ómaði yfir salinn.

„Hann drap hana!“ hrópaði Vigur og benti á Nóra. „Hann ætlaði að drepa Nýráð líka! Ég reyndi að stöðva hann en hann var alveg óður! Hann skipaði okkur að handsama stelpuna svo hann gæti þröngvað Nýráði til að há einvígi við sig en við vissum ekki að hann myndi drepa hana! Við gátum ekkert gert!“

Andköf og reiðióp bárust hvarvetna að úr öllum salnum. Nóri

kyngdi aftur en safnaði svo kjarki til að koma upp orði. „Þetta er ekki satt!“ *Alla vega ekki allt.*

„Víst!“ hrópaði konungsdóttirin með grátstafinn í kverkunum. „Ég var með Skögul þegar aðstoðarmennirnir þínir rotuðu hana uppi á turninum. Ég veit að þú sendir þá!“

Nóri vissi ekki hvað hann gat sagt. *Öllu er lokið*, hugsaði hann. létu þeir konungsdótturina sjá sig þegar þeir handsömuðu Skögul? Var ekki hægt að treysta neinum? „É ... ég ... ég drap hana ekki.“

„Ég bjóst svo sem ekki við því að þú viðurkenndir þetta,“ sagði Níðuður með hreina fyrirlitningu í rómnum. „Þú ert þér til skammar, Nóri! Ég vissi að þið Nýráður væruð keppinautar en mér datt aldrei í hug að þú dræpir fóstudóttur hans til að ná þér niðri á honum. Ég þarf víst ekki að spyrja að því hvernig þetta einvígi fór? Við höfum enn ekki fundið Nýráð til að segja honum sorgarfréttirnar!“

„Ne ...ja ... sko ...“ tuldraði Nóri kófsveittur, „það var ... mikið óveður.“

„Auðvitað. Óveðrið gekk af honum dauðum,“ sagði Níðuður hæðinn á svip og sneri sér að Regin. „Reginn, farðu út í hæðirnar og finndu lík Nýráðs. Komdu með það og sverðið svo við getum veitt honum sómasamlega greftrun með dóttur hans.“

Níðuður stóð upp og hvessti augun á Nóra. „Nóri, ég mun sjá til þess að gerðir þínar verði á allra vörum. Fólk mun ekki líta á þig sem smið heldur sem ærulausan morðvarg! Nú gef ég þér miðaftaninn til þess að hypja þig burt úr ríki mínu – annars sé ég til þess að þú hljótir enn sársaukafyllri dauðdaga en vesalings Skögul.“

Nóri gapti og starði á milli Níðaðar og Vigurs. Síðan tók hann orðlaust á rás út um stóru eikardyrnar.

Þegar hann var viss um að enginn sæi til leyfði Níðuður sér að glotta.